

## REGLUGERÐ

**um (7.) breytingu á reglugerð nr. 403/2010, um greiðsluþáttöku  
sjúkratrygginga við kaup á lyfjum.**

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

1. Í stað orðanna „víkja ekki meir en 50% frá lægsta einingaverði skammtaðra lyfjaforma“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: innihalda skammtað lyfjaform á greiðsluþáttökuverði 38 kr. eða lægra.
2. Í stað orðanna „víkja ekki meir en 180% frá lægsta einingaverði“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: innihalda skammtað lyfjaform á greiðsluþáttökuverði 70 kr. eða lægra.
3. Í stað orðanna „ráðlöögðum dagskammti“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: skilgreindum dagskammti (DDD), og í stað orðanna „dagskammta er víkja ekki meir en 290% frá ódýrasta dagskammti“ í sama málslíð kemur: dagskammta á greiðsluþáttökuverði 254 kr. eða lægra.

### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

1. Í stað orðanna „víkja ekki meir en 20% frá lægsta einingaverði“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: innihalda skammtað lyfjaform á greiðsluþáttökuverði 52 kr. eða lægra, og í stað „50%“ í sama málslíð kemur: 26 kr. eða lægra.
2. Í stað orðanna „ráðlöögðum dagskammti“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: skilgreindum dagskammti (DDD), og í stað orðanna „dagskammta er víkja ekki meir en 20% frá ódýrasta dagskammti“ í sama málslíð kemur: dagskammta á greiðsluþáttökuverði 46 kr. eða lægra.

### 3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 7. gr. reglugerðarinnar:

Á eftir „S 01 X A 20“ í 1. tölul. 2. mgr. kemur: og í 100 stykkja pakkningum lausasölulyfja í ATC-flokkum R 06 A X 13 og R 06 A E 07.

### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 25. gr., 1. mgr. 29. gr. og 55. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, öðlast gildi 1. október 2012.

*Velferðarráðuneytinu, 4. september 2012.*

**Guðbjartur Hannesson.**

*Vilborg Ingólfssdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 6. september 2012